

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 208 4. maí 1979, um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú stenst prófmaður eigi prófið og er honum þá heimilt að þreyta prófraun að nýju, þegar almennt verklegt próf er haldið, og skal hann þá endurtaka prófið í heild.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. maí 1985.

Albert Guðmundsson.

Snorri Olsen.

20. júní 1985

Nr. 263

AUGLÝSING

um umferð á Húsavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur og með heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

„U-beygja er bönnuð á gatnamótum Höfðabrekku og Hédinsbrautar og gatnamótum Garðarsbrautar og Þverholts.“

Ákvæði þetta taki gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Húsavík, 20. júní 1985.

Sigurður Gizurarson.

27. júní 1985

Nr. 264

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 337 17. júlí 1984, um meðferð, geymslu og vinnslu rækju um borð í veiðiskipum og vinnslustöðvum í landi.

1. gr.

Aftan við 14. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein er hljóðar þannig:

Heimilt er undir umsjón fiskmatsstjóra að hraðfrysta í landi í tilraunaskyni ferska rækju í skel, þó eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að hún var veidd.